

A 1904/PRE

Flytjandi Flokkahópur miðjumanna
Afgreiðsla Forsætisnefndin

Þingmannatillaga um stefnuáætlun fyrir Norðurlandaráð

Tillaga

Flokkahópur miðjumanna leggur til að

Norðurlandaráð ákveði

að það útbúi stefnuáætlun fyrir Norðurlandaráð

Bakgrunnsupplýsingar

Norðurlandaráð hefur enga eigin stefnuáætlun fyrir utan áætlanirnar um alþjóðlegt samstarf, samstarfið við ESB og áætlun um samfélagsöryggi. Starfsemi ráðsins fer fram innan ramma Helsingforssamningsins. Hins vegar hafa áherslur starfsins breyst í gegnum árin.

Hvert er hlutverk Norðurlandaráðs á meðal alþjóðastofnanna? Hvert er hlutverk þess gagnvart norrænu ríkisstjórnunum og Norrænu ráðherranefndinni? Hver eru helstu pólitísku markmið þess?

Flokkahópur miðjumanna telur að umræður þar sem leitast verði við að svara þessum spurningum, á endanum í formi stefnuáætlunar, ættu að hefjast á árinu 2022 sem er 70 ára afmælisár ráðsins.

Styrkur Norðurlandaráðs er sú pólitíska breidd sem það byggir á. Ráðið er pólitísk stofnun, norrænt þing, þar sem ákvarðanir eru teknar samkvæmt vilja meirihluta. Þar ríkir ekki skipting á milli stjórnar og stjórnarandstöðu. Aftur á móti þarf þar að fara bil beggja og há baráttu um meirihlutastuðning til að vinna brautargengi þeim pólitísku hugmyndum sem þingmenn ráðsins vilja ná fram. Engin takmörk eru á efnistöku þessara hugmynda.

Veikleiki ráðsins er að oft ríkir óvissa um hverjar áherslur Norðurlandaráðs geti eða skuli vera. Pólitísk sýn er mismunandi. Sumir leggja áherslu á hlutverk og ábyrgð Norðurlandaráðs, einnig Norðurlanda, á alþjóðlegum vettvangi. Aðrir leggja áherslu á mikilvægi þess að viðhalda norrænu velferðarkerfi.

Hinn hefðbundni meginþungi í starfsemi bæði Norðurlandaráðs og Norrænu ráðherranefndarinnar er að auka innri hreyfanleika og styrkja samþættingu norrænu landanna. Það er enda rauði þráðurinn í Helsingforssamningnum.

Stofnun Evrópusambandsins var áskorun fyrir norrænt samstarf. Sú samþætting sem áður átti aðeins við um Norðurlönd varð nú hluti af stærri heild. Það varð til þess að



hluti af samstarfinu féll nú undir ESB en um leið urðu til ný tækifæri fyrir norrænu löndin til að hafa í sameiningu áhrif á stefnu ESB.

Flokkahópur miðjumanna telur mikilvægt að Norðurlönd bíði ekki eftir frumkvæði ESB. Norðurlönd eiga ekki að bregðast bara við heldur sýna frumkvæði og leggja sitt af mörkum í stefnumótun ESB. Reynslan hefur sýnt að ef Norðurlönd koma með lausnir gera ESB slíkar lausnir oft að sínum í heild sinni. Þetta er jafnvel tilfellið þrátt fyrir að einungis þrjú af norrænu löndunum fimm séu aðilar að ESB. Þá hafa EES-löndin mikinn hag af því að geta lagt sitt af mörkum til lausna á vettvangi ESB. Tvö nýleg vandamál, flóttamannavandinn frá árinu 2015 og COVID-19 sem hófst á vordögum 2020, hafa sýnt brestina í samþættingu Norðurlanda og á hvaða hátt löndin okkar eiga í samskiptum og hvernig þau líta á og jafnframt líta ekki á hvert annað sem bandamenn. Mikil þörf er á algjörri endurhugsun og nýju upphafi á hinu norræna samstarfi í kjölfar heimsfaraldurs. Flokkahópur miðjumanna telur að nú sé einnig tími kominn fyrir stefnumarkandi umræðu um hlutverk og tilgang norræns samstarfs og þar með Norðurlandaráðs í núverandi alþjóðalandslagi.

Norðurlöndum, 24. janúar 2022

| | |
|---|-------------------------------------|
| <i>Abbas Razvi (RV)</i> | <i>Jenni Pitko (grænum)</i> |
| <i>Anders Adlercreutz (sv)</i> | <i>Jouni Ovaska (cent)</i> |
| <i>Anders Eriksson (ÅF)</i> | <i>Kathrine Kleveland (Sp)</i> |
| <i>Arman Teimouri (L)</i> | <i>Kjell-Arne (KD)</i> |
| <i>Bertel Haarder (V)</i> | <i>Kjerstin Wøyer Funderud (Sp)</i> |
| <i>Edmund Joensen (sb)</i> | <i>Linda Modig (C)</i> |
| <i>Erling Bonnesen (V)</i> | <i>Magnus Ek (C)</i> |
| <i>Guðmundur Ingi Kristinsson (Flf)</i> | <i>Mikko Kinnunen (cent)</i> |
| <i>Hafdís Hrönn Hafsteinsdóttir (Flf)</i> | <i>Ola Elvestuen (V)</i> |
| <i>Hanna Katrín Friðriksson (Vr)</i> | <i>Pekka Aittakumpu (cent)</i> |
| <i>Heidi Greni (Sp)</i> | <i>Simon Holmström (HI)</i> |
| <i>Jaspur Langgaard (sb)</i> | |